



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

43. fundur, fimmtudaginn 12. maí 2011, kl. 15:45 í Orkugarði, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Agnar Olsen, Anna G. Sverrisdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni A. Jóhannesson (að utan gegnum Skype), Kristinn Einarsson (OS), Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson (frá 16:20), Sveinbjörn Björnsson (ráðgjafi) og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Kristinn Einarsson ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Kjartan Ólafsson, Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu) og Unnur Brá Konráðsdóttir.

Lagt fram á fundi: 1) Fundargerð 42. fundar verkefnisstjórnar. 2) Greinargerð um samfélagsmál frá Björgu Evu Erlendsdóttur.

Fundarfrásögn

Svanfríður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Samþykkt fundargerða

Lögð var fram fundargerð 42. fundar, og var hún **samþykkt**. Í framhaldi af bókun PEP/AGS sem lögð var fram á 31. fundi og í breyttu formi á 34. fundi var ákveðið að vísa umræðu um mögulegar staðreyndavillur í henni til minni hóps. Formaður lagði til að henni yrði falið að koma bókuninni fyrir á viðeigandi stað í fundargerð 34. og/eða 35. í kjölfar þeirrar umfjöllunar, og var það **samþykkt**.

2. Greinargerð um samfélagsmál frá Björgu Evu Erlendsdóttur

Svanfríður ræddi tillögur greinargerðarinnar um nýjan faghóp sem ynni í 1-2 ár og á meðan frestaði verkefnisstjórn því að skila af sér verkefninu. Taldi hún þá tillögu um málsmeðferð á skjön við yfirlýsingar stjórnvalda, nú síðast í tengslum við kjarasamninga á almennum markaði, og við erindisbréf verkefnisstjórnar. Ekki væri hægt að bíða eftir endanlegri þekkingu.

Björg Eva kvaðst ekki vilja stoppa það af að verkefnisstjórn skilaði af sér, en sér þætti hins vegar umfjöllun um samfélagsmálin vera að miklu leyti eftir og rétt að viðurkenna það sem á vantaði.

Friðrik Dagur taldi hagsmuni heimamanna ekki koma nógu vel fram og einnig vantaði mat á upplifunargildi landslags.

Þóra Ellen taldi rétt að ljúka þessum áfanga að sinni og kvaðst ekki vilja bíða með að skila af sér verkinu.

Agnar benti á að rammaáætlun er á undan mati á umhverfisáhrifum framkvæmda í ferlinu og of mikið væri klifað á því að það vantaði rannsóknir og/eða gögn. Af 66 virkjunarhugmyndum í rammaáætlun lægi mat á umhverfisáhrifum framkvæmda fyrir um 14-15 þeirra. Skilgreina þyrfti hver rannsóknþörfin væri á stigi rammaáætlunar og samræma kröfur til gagnaöflunar og rannsókna.

Fram kom í umræðu um greinargerð Bjargar Evu, sem stór hluti fundarmanna tók þátt í, að taka bæri undir með henni um mikilvægi málsins og að rétt væri leggja til frekari umfjöllun um áhrif virkjana á samfélagsmál í næstu umferð rammaáætlunar.

Björg Eva kvaðst vera ánægð með undirtektir við að ágríp af greinargerðinni færi inn í skýrslu verkefnisstjórnar og myndi hún endurskrifa textann áður í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefði farið.

3. Skýrsla verkefnisstjórnar

Sveinbjörn reifaði vinnulagið við gerð skýrslunnar og úrvinnslu athugasemda. Rétt væri að senda allar athugasemdir til **Sveinbjörns, Svanfríðar** og **Kristins**. **Sveinbjörn** myndi athuga hvort kalla þyrfti til sérstakra funda til að leysa einstök mál, eða hvort leiðréttingar gætu farið beint inn í textann.

Rætt var um ráðgjöf frá baklandi og sérfræðingum varðandi athugasemdir og var ekki talin ástæða til að amast við því, ef trúnaðar út á við væri gætt.

Friðrik Dagur boðaði að hann myndi senda inn athugasemd um landnýtingu sem náttúruvernd. **Þóra Ellen** benti á að uppsetning væri eins hjá faghópum I og II, en ekki hjá faghópum III og IV, gott væri að samræma hana t.d. varðandi röð á efnisatriðum.

Sveinbjörn taldi æskilegt að mat á gæðum gagna (A, B, C, D) kæmi frá hverjum faghópi um sig. Rætt var hvort hægt væri að sundurgreina betur kostnað við faghópa annars vegar og verkefnisstjórn hins vegar og var Kristni falið að athuga málið.

Sveinbjörn fór að svo búnu yfir fyrsta hluta af fyrirbyggjandi drögum að skýrslu með aðstoð tölvu og skjávarpa.

4. Önnur mál

Næstu fundir verkefnisstjórnar voru ákveðnir:

1. Föstudag 20. maí kl.14
2. Þriðjudag 24. maí kl.14
3. Sunnudag 29. maí kl.10

Kristinn sendir út fundarboð fyrir þessa fundi sem henta fyrir tölvuskráningu í dagbók.

Kristinn Einarsson